

Greinargerð vegna styrks úr Kennslumálasjóði HÍ

Styrkur veittur 2019 til verkefnisins: **Samstarf við vettvang**

Styrkur var veittur til að efla samstarf háskólakennara, grunnskólakennaranema og leiðsagnarkennara/æfingakennara í tengslum við vettvangsnám. Um var að ræða vetrarlangt vettvangsnám á lokaári í grunnskólakennarnámi. Styrkurinn var notaður til að halda vinnustofur með þessum þremur aðilum og skapa háskólakennurum tækifæri til að taka þátt í leiðsögn nema á vettvangi og styðja leiðsagnarkennara í starfi. Áhersla var þannig lögð á að efla tækifæri þessara aðila til að ræða saman og ígrunda reynslu og aðstæður kennaranema.

Sótt var um styrk til þróunar vettvangsnáms grunnskólakennaranema vegna hugmynda um launað starfsnám kennaranema. Markmiðið var að efla tengsl við vettvang og þróa samstarfslíkan milli allra þriggja aðila sem taka þátt í og standa að vettvangsnáminu, þ.e. kennaranema, leiðsagnarkennara á vettvangi og háskólakennara. Skipulagðar voru tvær vinnustofur þar sem allir tóku þátt eða um 150 manns í hvort sinn og háskólakennarar héldu þrjá fundi með einstökum kennaranemum og leiðsagnarkennurum þeirra (ca. 200 fundir). Fyrstu tveir fundirnir fólu í sér heimsókn á vettvang en vegna covid19 fór lokafundur hjá flestum fram á netinu (Zoom).

Verkefnið tengdist tveimur námskeiðum, þ.e. Nám og kennsla - Fagmennska í starfi I og II (samtals 35 einingar). Námskeiðin eru skyldunámskeið fyrir grunnskólakennaranema í Deild kennslu- og menntunarfræða og Deild faggreinakennslu en auk þess tóku íþróttakennaranemar og kennaranemar í heilsuefningu og kennarar þeirra þátt. Kennslufyrirkomulag þessara námskeiða var í mótun þar sem nákvæmlega þessi námskeið höfðu ekki verið kennd áður. Margir háskólakennarar þurftu að koma að kennslu vegna sérhæfingar grunnskólakennaranemanna (14 námsleiðir með sérhæfingu í faggreinum og aldurstigum). Þetta leiddi af sér mikið samstarf og samráð milli kennara á ólíkum námsleiðum auk samráðs við leiðsagnarkennara í grunnskólunum. Ábyrgð leiðsagnarkennara úti á vettvangi er mikill en rammi um vettvangsnámið er mótaður af kennurum á Mvs. Það var því mikilvægt og mikil lyftistöng fyrir þróun kennslu á þessum námskeiðum að fá fjárhagsstyrk til að geta greitt háskólakennurum námskeiðsins fyrir fundi á vettvangi og þátttöku í vinnustofum og kennurum námskeiðsins fyrir að styðja leiðsagnarkennara við að meta kennaranema sem jafnframt eru samstarfsmenn kennaranna.

Í vetur hefur skapast reynsla af því að hafa heils vetrar vettvangsnám þar sem þorri nema er í launuðu starfsnámi. Þróaðar hafa verið leiðir og styrkt tengsl háskólans við vettvang sem nýttar verða veturinn 2020–2021 í áframhaldandi þróun námskeiðsins með áherslu á samstarf þriggja aðila, þ.e. kennaranema, leiðsagnarkennara/æfingakennara og háskólakennara.

Reykjavík 13.07.2020,

Guðbjörg Pálsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir, Menntavísindasviði, HÍ.